# DEILISKIPULAG GARÐALUNDAR OG LÆKJARBOTNA, AKRANESI
# BREYTING: SKIPULAGSMÖRK VIÐ 5. ÁFANGA SKÓGAHVERFIS




Óbreytt deiliskipulag. Mkv. 1:2.500




Deiliskipulagsuppdráttur með breytingu. Mkv. 1:2.500

Skýringar

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- Mörk reita
- Byggingarreitur
- Gata / malbik
- Þjónustuvegur / möl
- Aðalstígur
- Upplýstir aðalstígar
- Útivistarstígur (til skýringar)
- Tjarnir, lækir og skurðir
- Landmótun (til skýringar)
- Útivistarsvæði
- Trjá- og runnagróður
- Matjurtagarðar
- Leiksvæði
- Rotþró
- Kaldavatnslögn og helgunarsvæði
- Hitaveitulögn
- Háspennulögn rafmagns
- 021 Skráður minjastaður

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna, sem samþykkt var 10.11.2020.

Skipulagsmörk skógræktarsvæðis, sem er vestur með Akranesvegi við Einbúa, eru færð til samræmis við breytingu á deiliskipulagi 5. áfanga Skógahverfis þar sem afmörkuð er lóð fyrir dælustöð fráveitu við Lækjarvelli norðan íbúðarbyggðarinnar. Lega göngustígs er lagfærð til samræmis og er gert ráð fyrir að útivistarstígur geti legið yfir norðurhorn lóðar dælustöðvarinnar. Lóð dælustöðvar er sett inn á deiliskipulag 5. áfanga Skógahverfis en ekki deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna þar sem mælikvarði og nákvæmni þess deiliskipulags hentar betur fyrir afmörkun og ákvæði lóðarinnar.

Skipulagssvæði deiliskipulags Garðalundar og Lækjarvalla var í upphafi 51,26 ha en er eftir tvær breytingar á norðurmörkum við 5. áfanga Skógahverfis 50.99 ha.

## Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum texta eða ákvæðum skipulagsins.

## Breyting á skipulagsuppdrætti

Skipulagsmörkum er breytt sbr. lýsingu í inngangi.

## Umhverfismatsskýrsla

Ný lóð og dælustöð fráveitu hefur áhrif á landmótun og frágang við Miðvogslæk og kallar á samræmingu lóðarfrágangs og umhverfishönnunar votlendisins. Dælustöðin er mikilvæg í fráveitukerfi bæjarins til þess að tryggja rennsli frá efri hluta byggðarinnar. Breyting á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna hefur minni háttar áhrif á útfærslu útivistarstiga, útivistarsvæðis og frágang votlendis við Miðvogslæk.

- - -

Breytingin er óveruleg sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin hefur engin áhrif á hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og veitufyrirtækis og er því samþykkt án grenndarkynningar sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt með vísan í 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2020

í skipulags- og umhverfisráði þann ____________

og bæjarstjórn Akraness þann ____________

____________________

bæjarstjóri

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda ______________

Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið

| | | |
|---|---|---|
| TEIKNA<br>TEIKNISTOFA ARKITEKTA<br>KAUPANGI V/MÝRARVEG<br>600 AKUREYRI<br>SÍMI 461 5508<br>NETFANG: arni@teikna.is<br>www.teikna.is | Deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna<br>Breyting.<br>Skipulagsmörk við 5. áfanga<br>Skógahverfis v/dælustöðvar | VERK 19-556/23-739<br>BLAÐ 05 |
| HANNAÐ | TEIKNAÐ LF, ÁÓ | DAGS. 18.7.2023 |
| KVARÐI 1:2.500 Blaðstærð A3 | | BREYTT |